

Börkur Sigurbjörnsson

# Bleikar og fjólubláar

örsaga



Urban Volcano

# Bleikar og fjólubláar

## Börkur Sigurbjörnsson


Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023

<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölrítun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Bleikar og fjólubláar

---

„Jæja,“ sagði lækurinn þar sem hann horfði niður fyrir sig og páraði á blað. „Ég ætla að skrifa upp á tvenns konar töflur fyrir þig. Þær bleiku tekur þú á hverju kvöldi til þess að hjálpa þér að sofna og þær fjólubláu getur þú tekið í hvert sinn sem það hellast yfir þig yfirþyrmandi áhyggjur sem gætu leitt til kvíðakasts.“

„En,“ stamaði ég. „Getur þú ekki skrifað upp á neitt sem gæti tekið á rótum vandans? Komið í veg fyrir kvíðann? Getur þú ekki skrifað upp á félagslegt réttlæti? Borgaralaun? For-

dómalaust samfélag? Jafnrétti kynjanna? Mannkærleika? Eða umhverfisvitund?“

„Nei, vinur minn,“ svaraði læknirinn, gerði hlé á þárinu og leit í augun á mér. „Ég er bara læknir. Ég er bara í pillunum.“

„Hafðu samt ekki áhyggjur,“ hélt hann svo áfram um leið og hann hófst handa við að skrifa lyfseðilinn á ný. „Taktu bara pillurnar þínar samviskusamlega og þær fá þig til þess að gleyma öllu þessu hinu sem þú minntist á.“

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

## Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano